

AUGLÝSING

um starfsreglur um breytingu á ýmsum starfsreglum.

„STARFSREGLUR

um breytingu á ýmsum starfsreglum.

1. gr.

Ákvæði starfsreglna um sóknarnefndir nr. 732/1998 breytast sem hér segir:

a) 1. ml. 1. mgr. orðist svo:

Sóknarnefnd starfar á grundvelli laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar og á evangelísk-lútherskum grunni. Sóknarnefnd starfar sömuleiðis eftir starfsreglum og samþykktum kirkjuþings.

b) Við 1. mgr. 4. gr. bætist nýr 3. ml. svohljóðandi: Óski kirkjuráð þess skal sóknarnefnd leggja fram fjárhagsáætlun sína fyrir kirkjuráð a.m.k. viku fyrir aðalsafnaðarfund að jafnaði.

c) 9. gr. orðist svo:

Sóknarnefnd sér til þess að ársreikningur sóknar sé gerður fyrir hvert almanaksár. Ársreikningurinn skal áritaður af sóknarnefnd, endurskoðaður af kjörnum skoðunarmönnum eða endurskoðanda og lagður fram á aðalsafnaðarfund til kynningar og afgreiðslu og síðan sendur kirkjuráði. Heimilt er kirkjuráði að fela próföstum að kalla eftir ársreikningum sókna.

Kirkjuráð getur ákveðið lokafrest sem sóknir hafa til að skila ársreikningi. Sé ársreikningi ekki skilað innan tilskilins frests getur kirkjuráð óskað eftir að sóknargjald viðkomandi sóknar renni inn á sérgreindan biðreikning hjá Jöfnunarsjóði sókna. Sóknargjald greiðist sókninni þegar löglegum ársreikningi hefur verið skilað.

d) Við 17. gr. bætist nýr ml. svohljóðandi:

Hafa ber hliðsjón af starfsreglum um djákna og organista við gerð ráðningarsamninga við þá og setningu erindisbréfs, svo og samþykktum stefnumálum kirkjuþings sem varða starfssvið þeirra sérstaklega.

2. gr.

2. mgr. 41. gr. starfsreglna um presta nr. 735/1998 fellur brott.

Ákvæði til bráðabirgða fellur brott.

3. gr.

7. gr. starfsreglna um organista nr. 823/1999 orðist svo:

Sóknarnefnd, í samráði við sóknarprest og prest, setur organista erindisbréf. Skal skilgreina þar hlutverk organista, verksvið og starfsskyldur. Skal erindisbréfið vera til samræmis við starfsreglur þessar, starfsreglur um kirkjutónlist og tónlistarstefnu kirkjunnar.

4. gr.

4. gr. starfsreglna um sérþjónustupresta sem ráðnir eru á vegum stofnana og félagasamtaka nr. 824/1999 orðist svo:

Sérstaklega tilkvödd valnefnd veitir umsögn um þá sem sækja um starf sérþjónustuprests. Nefndin er skipuð þremur mönnum og þremur til vara. Vinnuveitandi skipar einn og er sá jafnframt formaður. Biskup skipar einn. Vinnuveitandi og biskup hafa samráð um skipun þriðja nefndarmannsins og skal þess gætt að hann komi úr röðum fagsamtaka á viðkomandi starfssviði.

Valnefndin metur hæfi allra umsækjenda til að gegna starfi sérþjónustuprests. Skal valnefnd m.a. líta til menntunar þeirra, starfsaldurs, starfsreynslu og starfsferils. Sé áskilin sérstök þekking eða reynsla eða starf er að öðru leyti mjög sérhæft, skal meta umsækjendur eftir því hvernig þeir uppfylla þau sérstöku skilyrði. Valnefnd aflar þeirra gagna og upplýsinga sem hún telur að öðru leyti þörf og gerir skriflega umsögn um hæfni allra umsækjenda, þ.m.t. hvort þeir teljist hæfir til starfans. Nefndin skal ráða umsækjendum eftir hæfni þeirra. Telji nefndin einhverja umsækjendur jafnhæfa skal þeim

umsækjendum skipað jafnfætis. Ef umsækjandi er einn skal nefndin eigi að síður gefa umsögn um hann samkvæmt framanskráðu. Valnefnd setur sér nánari vinnureglur.

5. gr.

Orðin „Fjölskylduþjónusta kirkjunnar“ í c-lið 10. gr. starfsreglna um kirkjuráð nr. 817/2000 falla brott.

C-liður 11. gr. fellur brott.

Orðin „svo og þegar úthlutað er úr Kristnisjóði“ í 20. gr. falla brott.

6. gr.

B-liður 3. gr. starfsreglna um ráðgjafarnefnd um kenningarleg málefni nr. 821/2000 orðast svo:

- b) prófessor í trúfræði við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands. Varamann hans skal guðfræði- og trúarbragðafræðideild tilnefna úr hópi fastra kennara deildarinnar.

7. gr.

Í stað orðsins „stefnu“ í 1. ml. 1. gr. starfsreglna um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar nr. 768/2002 kemur: „tónlistarstefnu“.

8. gr.

3. gr. starfsreglna um þjálfun prestsefna nr. 788/2002 orðist svo:

Guðfræðinemi, sem hefur hug á að þjóna sem prestur þjóðkirkjunnar, skal gangast undir starfsþjálfun er hann hefur lokið BA prófi í guðfræði við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands og hefur skráð sig til frekara náms í guðfræði er veitir réttindi til að sækja um prestsembætti innan þjóðkirkjunnar.

9. gr.

1. gr. starfsreglna um kjör til kirkjuþings nr. 234/2006 orðist svo:

Kjördæmi kirkjuþings eru:

1. Reykjavíkurrófastsdæmi vestra.
2. Reykjavíkurrófastsdæmi eystra.
3. Kjalarnessrófastsdæmi.
4. Vesturlandsrófastsdæmi.
5. Vestfjarðarófastsdæmi.
6. Húnavatns- og Skagafjarðarófastsdæmi.
7. Eyjafjarðar- og Þingeyjarófastsdæmi.
8. Austurlandsrófastsdæmi.
9. Suðurófastsdæmi.

10. gr.

2. mgr. 1. gr. starfsreglna um vígslubiskupa nr. 968/2006 orðist svo:

Umdæmi vígslubiskups í Skálholti nær yfir eftirtalin prófastsdæmi:

Suðurófastsdæmi.

Kjalarnessrófastsdæmi.

Reykjavíkurrófastsdæmi eystra.

Reykjavíkurrófastsdæmi vestra.

Vesturlandsrófastsdæmi.

Vestfjarðarófastsdæmi.

Umdæmi vígslubiskups á Hólum nær yfir eftirtalin prófastsdæmi:

Húnavatns- og Skagafjarðarófastsdæmi.

Eyjafjarðar- og Þingeyjarófastsdæmi.

Austurlandsrófastsdæmi.

11. gr.

1. gr. starfsreglna um Fjölskylduþjónustu kirkjunnar nr. 951/2009 orðist svo:

Á vegum þjóðkirkjunnar skal starfrækja Fjölskylduþjónustu kirkjunnar sem veitir sérhæfða þjónustu í fjölskyldumálum á grundvelli kristinna lífsgilda. Fjölskylduþjónustan er á sviði sálgæslu- og kærleiksþjónustu kirkjunnar og lýtur faglegru forystu biskups Íslands, en heyrir að öðru leyti undir kirkjuráð.

12. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru skv. heimild í 58. gr. og 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. janúar 2011.

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 25. nóvember 2010.

Pétur Kr. Hafstein, forseti kirkjuþings.“

F.h. kirkjuráðs, 25. nóvember 2010,

Guðmundur Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri kirkjuráðs.